

Stefna og áherslur 2018-2021

Niðurstaða stefnumótunarvinnu Búmannna



Tilgangur

Tilgangur Búmannanna, sem er húsnæðissamvinnufélag án hagnaðarsjónarmiða starfandi á landsvísu, er að stuðla að því að fólk 50 ára og eldra hafi tækifæri á forsendum jöfnuðar og fjölbreytni að búa í hagkvæmu og öruggu húsnæði sem er í takti við þarfir og óskir félagsmanna.

Hlutverk

Hlutverk Búmannanna hsf er að hafa til ráðstöfunar og sjá um sjálfbæran rekstur á hagkvæmu íbúðarhúsnæði sem félagsmönnum er látið í té sem íbúðir með búseturétti. Staðsetning og útfærsla taki mið af þörfum og óskum félagsmanna í góðu samstarfi við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðila.

Framtíðarsýn

Búmenn hsf er eftirsóknarvert samfélag félagsmanna 50 ára og eldri þar sem fólk býr í fjölbreyttu, hentugu og hagkvæmu húsnæði í nánd við þjónustukjarna. Félagsmenn taka virkan þátt í rekstri húsnæðis gegnum sjálfbær búsetufélög um húseignir og öfluga starfsemi Búmannanna varðandi þróun, ráðstöfun, þjónustu og gott viðhald eigna Búmannanna. Sveitarfélög og helstu hagsmunaaðilar sækjast eftir samstarfi við Búmenn og greiða götu félagsins.

Gildi

- Öryggi
- Traust
- Hagkvæmni

Meginmarkmið Búmannna

- Að eignir Búmannna séu eftirsóttar, þeim sé vel sinnt og þær haldi verðgildi sínu.
- Að rekstur Búmannna verði varfærinn, opinn og gegnsær.
- Að búsetufélög um eignir séu sjálfbær og að rekstur eigna sé hagkvæmur og árangursríkur.
- Að allur rekstur Búmannna sé til fyrirmyndar og hagsmunir félagsmanna séu hafðir að leiðarljósi.
- Að búsetukostir taki mið af þörfum og óskum félagsmanna í takti við kröfur tímans.
- Að búsetukostir taki mið af því að félagsmenn vilji og geti fært sig um set, keypt og selt búseturétti, innan félagsins í takti við breyttar þarfir vegna aldurs.

Meginmarkmið Búmannanna

- Að Búmenn vinni markvisst að því að fjölga félagsmönnum og sæki styrk sinn í fjölda þeirra.
- Að búsetukostir og umsýsla eigna taki mið af því að félagsmenn eigi sem auðveldast með að selja búseturétt sinn á sanngjörnu verði.
- Að Búmenn verði valkostur til samstarfs við aðra aðila sem sinna húsnæðismálum almennings.
- Að sveitarfélög sækist eftir því að fá Búmenn til samstarfs og þau styðji við áform um byggingu nýrra íbúða.
- Að félagið sé öflugur talsmaður fyrir hagsmuni 50 ára og eldri í húsnæðismálum og skipulagsmálum.

Þjónusta Búmannanna

- **Kjarnaþjónusta Búmannanna** er að hafa til ráðstöfunar eftirsótt, fjölbreytt, hentugt, vel staðsett og hagkvæmt húsnæði sem félagsmönnum er látið í té gegn kaupum á búseturétti og greiðslu búsetugjalds.
- **Lykilþjónusta Búmannanna** er að kaup og sala á búseturétti gangi sem greiðlegast fyrir sig, viðhald sé gott og að öll önnur grunnþjónusta við búsetufélög sem stuðlar að ánægju og öryggi íbúa sé framúrskarandi.
- **Stuðningsþjónusta Búmannanna** er önnur þjónusta sem er í boði fyrir búsetufélög, íbúa og félagsmenn, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunaaðila, s.s. stuðningur við eflingu á félagslífi, þjónusta við garðslátt og bílastæði, aðgengi að ferðaþjónustu, heilsurækt, kaffihúsum, tónleikum og öðru því sem gefur lífinu gildi fyrir félagsmenn Búmannanna.

Áherslur í rekstri Búmannanna

- Búmenn hsf. leggja áherslu á öryggi og varfærni í rekstri og mikilvægi þess að hafa borð fyrir báru, í varasjóði félagsins. Forsenda rekstrar er að hvert búsetufélag sé sjálfbært varðandi tekjur og kostnað og að viðhaldsáætlanir liggi fyrir í góðum tíma.
- Yfirbygging Búmannanna skal ávallt vera hófleg og allur rekstur hagkvæmur. Leita ber tilboða í öll stærri verkefni. Áhersla er á traust og gegnsæi í störfum Búmannanna og lögð rækt við upplýsingamiðlun og leiðir til að virkja búsetufélögin.
- Gengið verði nánar frá verkaskiptingu á milli skrifstofu Búmannanna og búsetufélaganna þannig að efla megi þátttöku íbúa í starfi Búmannanna með jafnræði og samheldni að leiðarljósi.

Áherslur Búmannanna í samskiptum

- Búmenn hsf. leggja mikla áherslu á að vera í góðum og virkum samskiptum við helstu hagsmunaaðila félagsins, bæði inn á við og út á við.
- Búmenn leggja áherslu á að kynna félagið og starfsemi þess á fjölbreyttan hátt. Ásýnd félagsins skal vera í takti við tilgang, hlutverk og gildi félagsins og öll samskipti og kynning skal styðja við stefnumiðað starf félagsins.
- Við samskiptin skal lögð rækt við heimasíðu félagsins, upplýsingafundi, fréttáflutning, greinarskrif og samskipti gegnum fundi og heimsóknir. Búmenn skulu gera markaðsáætlun og sinna markaðssetningu á félaginu og starfsemi þess.

Áherslur Búmannanna í samstarfi

- Búmenn hsf. starfa á félagslegum grunni með almannahag og samvirkni að leiðarljósi. Tilgangur félagsins er er að stuðla að því að fólk 50 ára og eldra hafi tækifæri á forsendum jafnræðis, samvinnu og samheldni að búa í hagkvæmu og öruggu húsnæði sem er í takti við þarfir og óskir félagsmanna.
- Vegna þessa er jákvætt samstarf við hagsmunaaðila, eins og sveitarfélög, stéttarfélög, hagsmunafélög, fjármálastofnanir, þjónustustofnanir og verktaka Búmönnum mikilvægt.
- Áhersla er á nánd og samvirkni á milli íbúðarhúsnæðis og þjónustueininga innan sveitarfélaga þannig að umhverfi fyrir virkni og starf eldra fólks sé með sem bestum hætti.

Áherslur Búmannanna í samkeppni

- Búmenn hsf. bjóða upp á fjölbreyttar, hentugar og hagkvæmar íbúðir fyrir 50 ára og eldri í takti við þarfir og óskir þeirra. Þessi markhópur hefur um marga kosti að velja þegar kemur að búsetukostum.
- Búmenn eru því í samkeppni um viðskiptavinum og félagsmenn. Áherslur Búmannanna í þessari samkeppni taka útgangspunkt í almannahag og starfsemi sem ekki hefur hagnað að leiðarljósi. Félagið leggur áherslu á hagkvæmt og öruggt húsnæði sem íbúar eru í samvinnu um að reka á jafnræðisforsendum.
- Sérstök áhersla er á náungakærleik og samheldni meðal íbúa og félagsmanna, auk samstarfs við sveitarfélög og þjónustuaðila.